

19.11.2003

Smith & Norland gerir samning við sex veitufyrirtæki

Gerður hefur verið samningur við sex stærstu veitufyrirtæki landsins um kaup á götuluktum. Samningurinn gildir til tveggja ára með möguleika á framlengingu eitt ár í senn. Samningurinn er gerður í kjölfar opins útboðs á vegum Samorku þar sem metin voru verð og gæði framleiðsluvara 23 fyrirtækja á þessu sviði. Að lokinni ítarlegri umfjöllun fjölmargra sérfræðinga var ákveðið að taka tilboði ScandiDelux Belysning AB í Svíþjóð sem bauð luktir framleiddar af Siteco Beleuchtungstechnik GmbH í Þýskalandi. Bæði þessi fyrirtæki tilheyrðu áður Siemens AG. Veitufyrirtækin sem um er að ræða eru Orkuveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Hitaveita Suðurnesja, Norðurorka, Orkubú Vestfjarða og Selfossveitur. Smith & Norland bauð fulltrúum allra veitufyrirtækjanna til kynningarfundar sama dag og skrifað var undir samninginn.



Sjá nánari umfjöllun